

Ed. 40. Frumvarp til laga [40. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1961 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.